

Kópavogi 17.02.2021

## Leiðrétting á helstu rangfærslum um Bláfugl og samningaviðræður við FÍA

Bláfugl hefur undanfarna mánuði átt í samningaviðræðum við Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) um nýjan kjarasamning og setið fjölda funda, m.a. hjá ríkissáttasemjara. Ríkissáttasemjari lagði upp með að aðilar myndu halda samningaviðræðum við samningsborðið frekar en í fjölmiðlum sem Bláfugl hefur hingað til virt þó FÍA hafi ekki gert það. Forsvarsmenn FÍA hafa undanfarnar vikur ítrekað komið fram í fjölmiðlum með staðreyndarvillur, rökleysur og misvísandi umfjöllun um Bláfugl sem mikilvægt er að leiðrétta.

### Um Bláfugl

- **Hefur starfað eftir íslensku flugrekstrarleyfi frá 2001. 42 starfsmenn og um 40 sjálfstætt starfandi verktakar.**
- **Af 6 flugvélum er aðeins ein sem flytur varning á íslenska fraktmarkaðnum**
- **Megintekjur Bláfugls koma frá framleigu (blautleiga)**

Bláfugl var stofnað árið 1999 og hefur starfað eftir íslensku flugrekstrarleyfi (e. AOC) frá 2001, útgefnu af Samgöngustofu. Fyrirtækið býr yfir mikilli reynslu í fraktflugi. Stærð flota Bláfugls hefur verið 5 til 8 flugvélar síðastliðin 10 ár en Bláfugl leigir nú 6 Boeing 737-400F flugvélar frá leigusölum sem eru ótengdir Bláfugli eða eigendum félagsins. Bláfugl er með viðhaldsstöðvar í Belgíu, Kaupmannahöfn og Keflavík. Flugfélagið er mjög lítið í alþjóðlegum samanburði, með heildarveltu á seinasta ári upp á 4.6 milljarða íslenskra króna. Meginstarfsemi Bláfugls (90% tekna) er framleiga á flugvélum með áhöfn, viðhaldi og tryggingum (svokölluð blautleiga) til stórra fraktflutningafyrirtækja og miðlara. Blautleigu-samningar byggja á flugtíma véla og hefur flutningsmagn í hverju flugi því ekki áhrif á tekjur Bláfugls.

Samningar flugfélaga um leigu flugvéla, af flugvélaeiganda, eru að jafnaði til 6-10 ára í senn. Samningar Bláfugls við viðskiptavinum eru styttri og er uppsagnarfrestur að jafnaði 30-90 dagar. Vegna þessa koma upp aðstæður sem kalla á skjótar breytingar á starfsliði. Því er mikilvægt fyrir félagið að stór hluti flugmanna sé að jafnaði verktakar – en frá upphafi starfsemi Bláfugls hafa sjálfstætt starfandi verktakar verið mikill meirihluti flugmanna Bláfugls. Mikil samkeppni ríkir á þeim markaði sem Bláfugl starfar á.

Fraktflugstarfsemi á eigin vegum og tilfallandi verkefni eru að jafnaði um 10% tekna Bláfugls. Aðeins ein flugvél Bláfugls af sex sinnir fraktverkefnum sem tengjast flugi til og frá Íslandi. Sú flugvél á heimahöfn í Liege í Belgíu – og af þeim rekstri er tap í dag. Einungis 8.95% heildarflugs Bláfugls árin 2019-2020 tengjast Íslandi.

Heimahöfn allra flugvéla er utan Íslands og allar sinna þær verkefnum fyrir þriðja aðila. Ein vélanna er þó samnýtt og þjónar fraktflutningum fyrir markaðinn hér heima og selur Bláfugl fraktplássið í þeirri vél til innlendra og erlendra aðila sem starfa í inn- og útflutningi til og frá landinu. Starfsmenn Bláfugls eru 42 talsins. Starfsfólkið á aðild að hinum ýmsu stéttarfélögum hér á landi:

Stéttarfélög	Fjöldi
Félag flugumsjónarmanna	2
Félag íslenskra atvinnuflugmanna - flugmenn	10
Félag íslenskra atvinnuflugmanna - aðrir	2
Flugvirkjafélag Íslands	7
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	1
Rafiðnaðarsamband Íslands	1
Verkfræðingafélag Íslands	1
VR	15
VSKF	1
Utan félags	2
<b>Samtals starfsmenn í jan 2021</b>	<b>42</b>

Þá veita fjölmargir aðilar, fyrirtæki og einstaklingar, Bláfugli þjónustu. Þetta eru fyrirtæki og einstaklingar sem koma að tölvuþjónustu, bókhalds- og endurskoðunarþjónustu, akstri flugmanna, viðhaldi flugvéla, ræstingum, afgreiðslu flugvéla og svo mætti lengi telja. Þessi þjónusta er keypt og þegin, bæði hér á landi og erlendis – allt eftir þörfum. Skrif í fjölmiðlum hafa afmarkast við sjálfstætt starfandi verktaka sem eru hluti af flugmannahópi Bláfugls (44 talsins).

#### **Erfiðar markaðaðstæður hafa kallað á endurskipulagningu**

- **Taprestur 2019 og 2020 kölluðu á endurskipulagningu**
- **Fjölmargar hagræðingaraðgerðir – uppsögn dýrustu starfsmanna er lokahnykkur í þeim aðgerðum.**

Aðstæður til flugrekstrar hafa verið erfiðar undanfarin ár og hafa mörg flugfélög lent í verulegum fjárhagserfiðleikum og/eða orðið gjaldþrota. COVID-19 bætti gráu ofan á svart og má fullyrða að öll flugfélög hafi þurft að grípa til umfangsmilla hagræðingaraðgerða til að tryggja rekstrarhæfi.

Þrátt fyrir ýmsar stuðningsaðgerðir, endurfjármögnun og hagræðingu, má telja víst að fleiri flugfélög eigi eftir að verða undir í baráttunni á komandi misserum.

Þrátt fyrir að áhrif COVID-19 hafi verið meiri á farþegaflug en fraktflutninga hafa rekstraraðstæður blautleigu fraktflugs versnað og samkeppni aukist þar sem flugfélög sem áður lögðu áherslu á farþegaflug komu inn á markaðinn en það leiddi til offramboðs og verðlækkana.

Bláfugl hefur unnið hörðum höndum að því að lækka kostnað til að tryggja störf, samkeppishæfni og framtíð félagsins.

Ljóst er að félagið þarf að leita hagræðingar á öllum sviðum rekstrar. Kostnaður við flugmenn og flugstjóra er þar ekki undanskilinn.

23% starfsmanna Bláfugls eru flugmenn á FÍA kjarasamningi en laun og launatengd gjöld þeirra eru 40% af launakostnaði félagsins.

Hagræðingaraðgerðir Bláfugls 2020 fólu m.a. í sér:

- ✓ Fastráðnu starfsfólki í fullu starfi fækkaði um 10
- ✓ Verkefnum var útvistað
- ✓ Endursamið við birgja
- ✓ Endursamið við leigusala flugvéla
- ✓ Höfuðstöðvar fluttar í minna og hagkvæmara húsnæði

- ✓ Starfsmenn voru beðnir um stuðning við fyrirtækið með því að lækka laun sín tímabundið. Það gerðu allir starfsmenn – að undanskildum þeim sem tilheyra FÍA.
- ✓ Rekstraraðilar flugvalla víða í Evrópu lækkuðu gjöld tímabundið

Tap Bláfugls var 158 m.kr. árið 2019 (fyrir COVID-19) og þrátt fyrir umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir var rekstrarniðurstaða 2020 neikvæð. Því var gripið til þess ráðs, í lok árs 2020 að segja upp í hagræðingarskyni langdýrustu starfsmönnum Bláfugls.

#### Kjarasamningsviðræður við FÍA

- Bláfugl vill ráða fleiri FÍA flugmenn en á samkeppnishæfum kjörum.

Fjöldi félagsmanna FÍA á samningi hjá Bláfugli er nú 11, sem er sá lágmarksfjöldi sem aðilar sömdu um í kjarasamningi 2018 og rann út eftir framlengingu í júní 2020. Bláfugl hefur átt í samningaviðræðum við FÍA um nýjan kjarasamning undanfarna mánuði. Í inngangi kjarasamnings frá 2018 segir: „Samningur þessi er gerður á milli flugmanna og Bláfugls ehf. með það að markmiði, að skapa í senn vaxandi atvinnutækifæri fyrir flugmenn í jákvæðu starfsumhverfi og um leið móta rekstrargrundvöll sem gefur Bláfugli ehf. **tækifæri á að bjóða samkeppnishæfa flugþjónustu í alþjóðlegu rekstrarumhverfi.**“

Á fyrsta fundi nýs forstjóra Bláfugls með FÍA, þann 8. apríl 2020, var gerð grein fyrir þeirri afstöðu félagsins að kjör félagsmanna FÍA væru of há í öllum samanburði og þyrftu að lækka, ætti félagið að vera samkeppnishæft í alþjóðlegu rekstrarumhverfi.

Munur á meðalkostnaði félagsins fyrir hvern félagsmann FÍA og sjálfstætt starfandi verktaka er 20 m.kr. á ári. Eða ríflega 200 m.kr. samtals á ársgrundvelli. Bláfugl hefur áhuga á að ráða fleiri flugmenn til starfa hjá félaginu, á kjarasamningi, en til þess að svo megi verða þurfa kjör að vera í samræmi við það sem gengur og gerist á markaðssvæðum Bláfugls. Fram hefur komið í viðræðum við FÍA að Bláfugl hefur tækifæri til að auka umfang starfsemi sinnar og gæti ráðið fleiri félagsmenn FÍA ef samningar um lækkun heildarkjara næðust, þannig að Bláfugl gæti boðið samkeppnishæft verð fyrir veitta þjónustu.

Meðal tilboða forsvarsmanna Bláfugls til FÍA er hlutastarfaleið og flöt lækkun heildarkjara - m.a. með því að breyta launatengdum gjöldum þannig að þau samræmist almennum kjarasamningum og innifeli álagsgreiðslur í föstum launum. Fjöldi starfsdaga flugstjóra í fullu starfi hjá Bláfugli á mánuði (fyrir COVID-19) var að meðaltali 15,8 og fjöldi flugdaga að meðaltali 5,9. Telja forsvarsmenn Bláfugls tilboðin endurspegla samkeppnishæf laun á íslenskan og erlendan mælikvarða fyrir umrætt vinnuframlag.

Krafa FÍA var sú að fjöldi flugmanna á FÍA samningi yrðu 22 eftirleiðis, og árleg hækkun launa um 1% á ári út samningstíma. Sem hefði þýtt um 200 milljóna kostnaðarauka hið minnsta miðað við að fá reynda sjálfstætt starfandi verktaka, með sömu menntun og réttindi til sömu starfa.

Því miður var nauðsynlegt fyrir félagið að tilkynna um uppsagnir um áramót í varúðarskyni ef samningar skyldu ekki nást fyrir lok mars (uppsagnafrestur). Af rekstrarlegum ástæðum var nauðsynlegt að ráðast strax í aðgerðir.

Forsvarsmenn Bláfugls vonast enn til að samkomulag náist við FÍA, áður en uppsagnarfrestur rennur út, sem tekst að verja vel launuð störf góðra starfsmanna á sama tíma og samkeppnishæfni félagsins er tryggð.

## Samanburður launa

- Falinn launakostnaður og gríðarhá heildarkjör.

Pegar fjalla á um laun og launasamanburð verður að draga fram alla liði. Samanburður á grunnlaunum einn og sér segir aðeins hálfra söguna. Það verður að koma fram hver fjárhæðin er sem skilar sér til launamanns og hver kostnaður launagreiðandans er.

Samningur Bláfugls og FÍA frá 2018 felur í sér mörg frávik frá almennum kjarasamningum. Kostnaður Bláfugls við FÍA flugmann er 89% hærri en kostnaður við starfsmann á skrifstofu, miðað við að báðir væru með meðallaun á íslenskum vinnumarkaði 2019.

Hér er samanburður á kostnaði fyrirtækis af starfsmanni á venjulegum kjarasamningi og FÍA samningi. Miðað er við meðaltal reglulegra launa fullvinnandi á almennum vinnumarkaði 2019 samkvæmt samantekt Hagstofunnar, þ.e. kr. 613.000.

Launaliðir		FÍA		VR
Meðaltal reglulegra launa - til útreiknings		613,000		613,000
Desemberuppbót pr. mán		53,492		4,250
Orlofsuppbót pr. mán		42,660		7,833
Ávinnsla orlofs	16.07%	98,509	10.17%	62,342
Tryggingagjald	6.10%	58,628	6.10%	47,594
Sjúkra- og orlofsheimilasjóður	1.25%	10,096	1.25%	8,593
Framlag í sameignarlífeyrissjóð	16.00%	129,226	11.50%	79,054
Framlag í séreignarlífeyrissjóð	3.00%	24,230	2.00%	13,749
Endurhæfingarsjóður	0.10%	808	0.10%	687
Starfsmennasjóður	0.20%	1,615	0.30%	2,062
Félgassjóður	1.00%	8,077	0.00%	0
<b>Samtals kostnaður fyrirtækis á mánuði</b>		<b>427,341</b>		<b>226,164</b>
	<b>Mismunur</b>	<b>89%</b>		

Þessi frávik frá almennum kjarasamningum eru mjög dýr. Stór hluti af lækkun kostnaðar í tilboðum Bláfugls til FÍA snúast um að samræma þessa liði við almenna kjarasamninga. Eftirfarandi eru meðalheildarkjör flugstjóra á FÍA samningi hjá Bláfugli árið 2019.


FÍA flugstjóra, pr mánuði í ISK árið 2019	Meðalheildarkjör
Laun, álag, orlof, orlofs- og desemberuppbót	1.914.064 kr
Dagpeningar	282.803 kr
Síma-, net-, skó- og bílastyrkur	34.151 kr
Lífeyrir og stéttarfélag	321.425 kr.
Tryggingar til handa flugstjóra	106.571 kr
<b>Samtals</b>	<b>2.659.013 kr</b>

## Flugstjórar yrðu áfram meðal hæst launuðu stétta á Íslandi

- Ef gengið yrði að tilboðum Bláfugls yrðu flugstjórar FÍA áfram meðal launahæstu stétta á Íslandi

Hér að neðan er mynd sem sýnir meðaltal reglulegra mánaðarlauna mismunandi stétta og byggir á gögnum Hagstofunnar. Þar má sjá tölur fyrir flugstjóra Bláfugls sem miðast við rauntölur 2019 og

einnig tilboð sem lagt var fram af Bláfugli<sup>1</sup>. Þetta varpar skýru ljósi á þá staðreynd að þrátt fyrir að breytingar yrðu gerðar á kjörum FÍA flugstjóra sem starfa hjá Bláfugli yrðu þeir áfram meðal hæst launuðu stétta á Íslandi.



## Vinnuframlag FÍA félagsmanna

Vinnutími flugstjóra og flugmanna skiptist í flug, þjálfun, ferðalög og hvíld sem samtals mynda fjölda virkra vinnudaga. Árið 2019 voru virkir vinnudagar að meðaltali 12,7 á mánuði hjá FÍA flugstjóra hjá Bláfugli, en meðalfjöldi vinnustunda 75 klst. Flugstundir (Blokktímar) flugstjóra voru að meðaltali 21,5 klst. á mánuði. Reglugerð EASA leyfir 190 vinnustundir á 28 dögum.

Yfirlit yfir nýtingu / vinnuframlag (dagar/klukkustundir) flugmanna og flugstjóra Bláfugls að meðaltali pr. mánuð 2019	Dagar pr mánuð			Klukkustundir pr mánuð		Nýting m.v. reglugerð	
	Virkir vinnudagar*	Friðdagar	Orlofsdagar	Flugstundir	Vinnustundir	Flugstundir	Vinnustundir
2019 rauntölur							
Flugstjóri	12,71	9,00	3,15	21,50	75,53	22%	40%
Flugmaður	12,83	9,00	3,30	30,28	73,83	30%	39%

\*flugdagar, DUTY dagar, þjálfun, vinna á skrifstofu og ferðalög

Í nýjum kjarasamningi milli Icelandair og FÍA var samið um aukið vinnuframlag flugstjóra og flugmanna. Hagræðing félagsins var sögð ígildi 25% kostnaðar. Vegna smæðar og eðlis starfsemi Bláfugls, sem er mjög dreifð, myndi sambærileg breyting á kjarasamningi félagsins ekki skila umræddri hagræðingu.

Kjarni málsins er sá að rekstur Bláfugls þolir ekki þessi háu heildarkjör FÍA flugmanna fyrir þetta vinnuframlag – og rekstur Bláfugls er ekki þess eðlis að hægt sé að nýta flugmennina betur.

## Vertaka alþekkt fyrirkomulag

- Alþekkt fyrirkomulag í fluggeiranum.
- FÍA hefur haft vitneskju um fyrirkomulagið frá upphafi og samþykkt það, þar til nú
- Vinnumálastofnun hefur gert úttekt án athugasemda

<sup>1</sup> Meðaltal reglulegra launa eru kjör fyrir venjulegan vinnutíma en inniheldur ekki yfirvinnu, bónusa og aðrar óreglulegar greiðslur. Meðallaunin eru flokkuð sem meðal vinnutími samkvæmt kjarasamningum, bæði venjulegum daglaunum og vöktum. Launatengd gjöld eru ekki tekin með, svo sem lífeyrisgreiðslur, stéttarfélagsgjöld, tryggingar, o.s.frv.

Sjálfstæðir verktakar og flugmenn hafa unnið fyrir Bláfugl, og verið meirihluti flugmanna, í áratugi. Fyrirkomulag, sem byggir á samblandi verktaka og launþega er þekkt um allan heim í fluggeiranum, einnig hjá öðrum flugfélögum með íslenskt flugrekstrarleyfi.

Bláfugl starfar eftir öllum lögum og reglum og hefur átt gott samstarf við opinbera aðila, s.s. Vinnuálastofnun, hvað þetta varðar. Árið 2015 kom fram villandi og röng fréttuumfjöllun um þessi mál þar sem talað var um gerviverktöku og félagsleg undirboð. Í kjölfarið gerði Vinnuálastofnun sérstaka skoðun á fyrirkomulagi ráðninga og samninga við verktaka Bláfugls. Skoðun stofnunarinnar leiddi ekkert óeðlilegt í ljós og voru engar athugasemdir gerðar.

Þá hefur FÍA haft vitneskju í áratugi um sjálfstætt starfandi verktaka hjá Bláfugli og öðrum flugfélögum því ekki einungis er þetta vel þekkt í fluggeiranum héraendis og erlendis heldur er beinlínis vísað í slíkt í kjarasamningi þeirra frá 2018:

„Aðilar eru sammála um, að **ráðning eða leiga flugmanna til Bláfugls**, sem ekki eru félagar í FÍA.....“

Því kemur það Bláfugli verulega á óvart að FÍA leitist nú við að gera slíkt grunsamlegt og kalli það jafnvel ólöglegt. En tilgangurinn er augljóslega sá að leiða umræðuna frá því sem er raunverulega vandamálið. Launakjör þeirra standast ekki samanburð við almennan markað, hvorki hér né erlendis og reynist þeim sem reka hér flugstarfsemi fjötur um fót enda óraunhæft að vera samkeppnishæfur á alþjóðlegum markaði með launakjör eins og þessi.

Þá sætir furðu að kallað sé eftir liðsinni frá verkalýðsfélögum sem tilheyra ASÍ til að vernda hagsmuni stéttar sem ekki einungis býr við ofurkjör heldur hefur jafnframt sniðgengið og jafnvel hindrað kjarabaráttu annarra stéttarféлага. Þetta gengur þvert á heildarhagsmuni ASÍ sem ætti að vera ofar öllu að vernda störf þeirra fjölmörgu annarra sem starfa hjá Bláfugli og tilheyra þeirra verkalýðsfélögum.

### **Að lokum**

Eigandi Bláfugls er Avia Solutions Group sem er eitt stærsta fyrirtæki á sviði flugþjónustu í heiminum. Félagið er með skrifstofur í yfir 50 löndum og selur vörur/þjónustu til um 160 landa og með yfir 7.000 starfsmenn. Öll flugrekstrarleyfi Avia Solutions Group eru innan reglugerðarverks Evrópusambandsins – þar með talið Bláfugls. Eigandi Bláfugls er metnaðarfullur og áhugasamur um að auka umfang starfseminnar á Íslandi og fara í frekari útrás frá Íslandi. Til að svo geti orðið verður Bláfugl að vera samkeppnishæft í þeirri alþjóðlegu, hörðu, samkeppni sem flugrekstur er.

Við viljum nýjan samning við FÍA um kjör þeirra flugmanna sem starfa hjá okkur. Kjör sem geta verið forsenda vaxtar félagsins, verið atvinnuskapandi fyrir FÍA og aðra á vinnumarkaði. Kjör sem áfram myndu tryggja að flugmenn FÍA yrðu meðal launahæstu stétta á Íslandi og stæðust samanburð við alþjóðleg kjör.

Það hljóta að vera sameiginlegir hagsmunir allra ekki einungis að vernda störf á íslenskum vinnumarkaði heldur skapa Bláfugli tækifæri til að vaxa og fjölga þannig störfum og auka gjaldeyristekjur.

Bláfugl mun hér eftir sem hingað til kappkosta að vera góður vinnustaður fyrir starfsmenn, afla gjaldeyristekna fyrir Ísland og vera íslenskt fyrirmyndarfyrirtæki.

Virðingarfyllt,  
Sigurður Ágústsson, forstjóri Bláfugls